

# Lífeyrissjóður Rangæinga

Suðurlandsvegi 3, 850 Hella



Lífeyrissjóður  
Rangæinga

## Ársfundur 2017 v. 2016

### Fundargerð

Fundarstaður : Verkalýðshúsið, Hellu.

Fundartími : Fimmtudagur 18. maí 2017, kl. 20.00.

Eydís Þ. Indriðadóttir, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund formlega. Tillaga borin upp um að Óskar Pálsson taki að sér fundarstjórn og að Unnur Elín Jónsdóttir riti fundargerð. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Mætt: Heimir Hafsteinsson, Óskar Pálsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Þróstur Sigurðsson, Guðrún Elín Pálsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Gróa Ingólfssdóttir, Árni Þorgilsson, Ólafía B. Ásbjörnsdóttir, Hilmar Harðarson, Haraldur Yngvi Pétursson og Unnur Elín Jónsdóttir.

Gengið til dagskrár. Óskar stýrir fundi.

### Fundarefni:

#### 1. Skýrsla stjórnar

Eydís Þ. Indriðadóttir flutti skýrslu stjórnar. Alls greiddu að meðaltali 937 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls um 524,5 milljónum kr. og hækkuðu um 17,4% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 253,6 milljón kr. og hækkuðu um 7,8% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 633 að meðaltali á árinu og í árslok 2016 áttu 10.153 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 5,3 milljónum kr. á árinu 2016. Raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins var 0,07% á árinu samanborið við 8,76% raunávöxtun 2015 og miðað við samræmda matsaðferð. Eignir sjóðsins í erlendri mynt hafa aukist nokkuð á árinu

eru nú 8,34% af heildareignum sjóðsins, voru 6,76% á árinu 2015. Sjóðurinn hefur nýtt allar þær heimildir sem Seðlabanki Íslands hefur veitt til kaupa á erlendum gjaldeyri. Gjaldeyrishöftum hefur nú verið aflétt og hefur stjórн markað þá stefnu að auka vægi erlendra eigna í sínu eignasafni. Eignasafn sjóðsins stendur traustum fótum. Verðbréfaeign sjóðsins er að mestu í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, í dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa og í innlánum. Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum. Hrein eign sjóðsins nam í árslok 2016 10.111,4 milljónum kr. og hefur hækkað á árinu úr 9.629,3 milljónum kr. eða um 482,1 milljónir kr.

Lífeyrissjóður Rangæinga hefur gert samning við Arion banka og tók hann við umsjón og eignastýringu sjóðsins í árslok 2012. Árið 2016 er fjórða heila starfsárið í rekstri sjóðsins undir þessum formerkjum. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banka. Arion banki leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórн sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar. Fjármálaeftirlitið setti í mars 2015 nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Lífeyrissjóður Rangæinga nýtti sér heimild 52. greinar sömu reglna til að fresta upptöku þeirra til ársins 2016. Við gerð ársreikningsins nú er byggt á nýjum reglum Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Í ársreikningi þessum er miðað við þá meginreglu að eignir sjóðsins skuli metnar á gangvirði og eru samanburðartölur frá fyrra ári lagfærðar til samræmis. Framsetning upplýsinga í ársreikningnum breytast nokkuð og er aukin til samræmis við breyttar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Úttekt hefur verið gerð á stjórnarháttum sjóðsins og naut stjórн aðstoðar Deloitte við verkið.

Stjórн fundaði 12 sinnum á starfsárinu, og einn þeirra var haldinn í Reykjavík. Innri endurskoðun hefur tekið út starfsemi sjóðsins á árinu 2016 og er staða sjóðsins í meginatriðum góð. Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnar heldur milli ára. Heildarskuldbindingar eru hærri en heildareignir sem nemur 4,1%. Sama staða í lok árs 2015 var 1,8%.



2

Stjórn framkvæmdi árangursmat vegna starfa á tímabilinu apríl 2015 til mars 2016 með aðstoð ráðgjafa þar sem m.a. var lagt mat á störf og verkefni stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra.

## 2. Kynning ársreiknings

**Þróstur Sigurðsson** framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga lagði fram og kynnti ársreikning ársins 2016.

Helstu niðurstöður eru í þús. kr. :

Iðgjöld	524.466
Lífeyrir	253.576
Fjárfestingartekjur	237.636
Fjárfestingargjöld	33.850
Rekstrarkostnaður	26.409
Hækkun á hreinni eign	482.116
Hrein eign í árslok 2016	10.111.389

Þróstur fór yfir rekstur, efnahag og sjóðstreymi ársins og helstu breytingar á milli ára 2015 og 2016 svo sem útgreiðslur, innborguð iðgjöld, kaup á verðbréfum og aðrar fjárfestingar. Þróstur sagði að tölurnar væru uppreiknaðar samkvæmt nýjum reglum um gerð ársreikninga. Á það við um bæði árin og eru því tölur samanburðarhæfar. Þróstur fór yfir helstu skýringar í ársreikningi og samanburð milli ára. Hann fór yfir raunávöxtun sjóðsins á árinu 2016 sem var 0,07% og meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár var rétt tæp 4,0%.

**Haraldur Yngvi Pétursson** fór yfir þróun markaða á árinu 2016 í samanburði við 2015. Hann fór yfir meðaltal raunávöxtunar m.v. árslok 2016. Haraldur fór yfir breytingu milli ára á

eignasamsetningu sjóðsins og helstu fjárfestingar ársins 2016. Að lokum fór Haraldur yfir þróun markaða það sem af er ári 2017.

Umræðu um skýrslu stjórnar og reikning.

**Hilmar** spyr hver er kostnaður við stýringu sjóðsins?

**Þróstur** svaraði að umsýslubóknun í heild var 40,3 milljónir til Eignastýringar og reksturs eða um 0,41% af stöðu eigna.

EKKI voru fleiri spurningar lagaðar fram.

*Fundarstjóri bar ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.*

### 3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt

**Þróstur Sigurðsson** gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt. Reglugerð 391/1998 kveður á um að stjórn lífeyrissjóðs skuli árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Tryggingafræðileg athugun gengur í raun út á að verðleggja þær tryggingar sem sjóðurinn er búinn að gefa út (réttindi sjóðfélaga) og bera þær saman við eignir sjóðsins. Verðið á tryggingunum er skuldbinding sjóðsins og á móti skuldbindingunni verða að vera til eignir. Löggjafinn setur ákveðin mörk á hvað eignir mega víkja mikið frá skuldbindingum sjóðsins. 10% frávik til 1 árs, 5% frávik í 5 ár. Viðbrögð við fráviki þurfa að setja sjóðinn innan marka. Breyting á réttindum sjóðfélaga liggur þá yfirleitt beinast við. Við réttindabreytingu breytist verðmæti tryggingarinnar og þar með er skuldbinding sjóðsins aðlöguð að eignastöðunni.

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam heildarlífeyrisskuldbinding Lífeyrissjóðs Rangæinga 17.751,9 milljónum kr. í árslok 2016 miðað við 3,5% árvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2016 var 17.018 milljónir kr. eða 733,9 milljónum lægri eða sem nemur -4,1%. Áfallnar skuldbindingar ársins eru 9.660,9 milljónir kr. og eru þær hærri en eignir á móti sem nemur 769,7 milljónum kr. eða -8%. Þróstur sagði að skýringar á versnandi stöðu milli ára væru fyrst og fremst hækkandi skuldbindingar vegna hækunar lífaldurs sem og léleg ávöxtun ársins.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tryggingafræðilega úttekt. Enginn kvaddi sér hljóðs.



#### **4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins**

**Haraldur Yngvi Pétursson** gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Hann sagði að vægi í floknum Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs minnkað úr 55% í 50%. Neðri vikmörk lækkuð úr 40% í 30%. Vægi í floknum Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana aukið úr 5% í 8%. Efri vikmörk aukin úr 15% í 20%. Vægi í floknum Hlutabréfaukið úr 18% í 20%. Efri vikmörk hækkuð úr 30% í 35%. Ekki er um miklar eðlisbreytingar að ræða á fjárfestingarstefnu. Vægi ríkisbréfa lækkar í ljósi lítils framboðs af bréfum, á móti koma sértryggð skuldabréf útgefin af bönkunum og með veði í fasteignasöfnum. Bréf sem koma í stað húsnæðisbréfa eða íbúðabréfa íbúðalánaþjóðs. Vægi í floknum Skuldabréf banka og sparisjóða er því aukið heldur. Heldur er aukið vægi hlutabréfa í stefnunni, markast það af auknum fjárfestingum á erlendum mörkuðum í ljósi losun hafta.

#### **5. Stjórnarkjör, samkvæmt grein 4.1**

Framkvæmdastjóri sagði frá því að Samtök atvinnulífsins hafi á síðasta ársfundi sjóðsins skipað Eydísi Þ. Indriðadóttur sem aðalmann til ársfundar 2018.

Óskar Pálsson er nú skipaður af hálfu SA sem aðalmaður í stjórn til ársfundar 2019 og Drífa Hjartardóttir er skipuð sem varamaður í stjórn til sama tíma.

Frá Félagi iðn- og tæknigreina, á síðasta ársfundi var Heimir Hafsteinsson kjörinn aðalmaður í stjórn til ársfundar 2018. Sömuleiðis var Ólafía B. Ásbjörnsdóttir kosin varamaður til sama tíma.

Nú liggur fyrri tillaga frá Verkalýðsfélagi Suðurlands um að Guðrún Elín Pálsdóttir verði kosin sem aðalmaður í stjórn til ársfundar 2019. Verkalýðsfélagið tilnefnir jafnframt Pétur Magnússon sem varamann í stjórn til ársfundar 2019.

Aðrar tillögur um kjör til stjórnar bárust ekki. Fundarstjóri bar upp tillöguna til samþykktar eða synjunar.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

## **6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins**

Þróstur Sigurðsson sagði að ekki lægju fyrir tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, en þess má geta að væntanlega verður haldinn auka fulltrúafundar í ljósi mjög nýlegra fréttar frá ASÍ og SA vegna hækkunar á mótfraumagi og hugmynda um tilgreinda séreign. Liggur fyrir erindi frá aðildarsamtökunum þar sem farið er fram á að sjóðirnir komi þessari breytingu í framkvæmd nú í sumar, samhliða hækkun mótfraumags frá og með 1 júlí nk., og þrátt fyrir að löggjafinn hafi frestað öllum breytingum á lögum um lífeyrissjóði. Til að þetta geti gerst þarf að breyta samþykktum, liggur ekki fyrir hvaða breytingar koma til en unnið er að málinu. Gert er ráð fyrir að boðað verði til aukafundar í endaðan júní.

**Hilmar** spyr, þegar að búið er að breyta samþykktum, getur sjóðurinn tekið við séreign?

Þróstur sagði að eins og staðan væri nú þá er ekkert annað í stöðunni en að gangast við þessu og hefja undirbúning enda skammur tími til stefnu. Gefa sjóðfélögum kost á að nýta hluta af iðgjaldi í hina svokölluðu tilgreindu séreign. Eigum eftir að skoða hvaða leiðir eru í stöðunni þe. stofnun séreignadeildar með þeim göllum sem því fylgir eða leita annarra leiða.

## **7. Laun stjórnarmanna**

Þróstur kynnti tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna fyrir tímabilið júní 2017 til og með maí 2018. Almenn stjórnarlaun verði kr. 80.000 á mánuði. Varaformaður (ritari) er með 25% álag og laun verði því kr. 100.000 á mánuði. Formaður stjórnar er með 50% álag og laun verði því kr. 120.000 á mánuði.

Varamaður stjórnar fær kr. 40.000 fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna skulu þó að lágmarki vera samsvarandi 1 x mánaðarlaunum almenns stjórnarmanns.

Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað s.s. vegna aksturs á stjórnarfundi eða aðra þá fundi sem stjórnarmenn þurfa að sækja vegna stjórnarsetu sinnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

*Tillagan var samþykkt samhljóða*

## **8. Kjör endurskoðanda**

Þróstur Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar. Að fengnu álið endurskoðunarnefndar sjóðsins, er það tillaga stjórnar að Pálína Árnadóttir, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte ehf., verði endurskoðandi sjóðsins árið 2017.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

## **9. Önnur mál**

Þróstur sagði frá því að fyrirhugað er að halda annan fulltrúafundur. Boðunar tími er 4 vikur, og skila þarf inn tillögum að breytingum á samþykktum til aðildarfélaga a.m.k. 2 vikum fyrir fund.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til handa fundarstjóra og ritara að fá að ganga frá fundargerðinni eftir á og senda út þegar hún er tilbúin. Fundargerðin verður líka birt og vistuð á heimasíðu sjóðsins.

Fundurinn gaf heimild til að ganga frá fundargerðinni.

Fleira var ekki rætt.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 20:54.

Fundarritari:

Unnur Elín Jónsdóttir

Fundarstjóri:

Óskar Pálsson